

549. mál

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1667
komudagur 10.3.2011

KOSTNAÐARAÆTLUN STJÓRNLAGAÐINGS OG STAÐAN EF HÆTT ER VIÐ

Hér er kostnaðaráætlunin sem fór til Fjárlaganefndar Alþingis haustið 2010 (vinstri dálkur) og fjárveiting til Stjórnlagagæðings miðast við (forsendur þá voru 2 mánaða þinghald og 31 þingfulltrúi). Heildarupphæðin skv. því var um 272 milljónir. Hægra megin er nú stillt upp áætlun um hver raun kostnaðurinn yrði ef hætt væri við þinghaldið í dag, mars 2011. Sjá athugasemdir-forsendur hér að neðan.

#	Kostnaðarliðir	M.v. 2 mán. þing og 31 fulltrúa Kr.	Ef hætt er við í mars 2011 Kr.
1.	Þóknun/laun þingfulltrúa	41.917.500	0
2.	Laun starfsfólk þingsins	33.120.000	7.000.000
3.	Ýmis rekstrarkostnaður (10% af launum)	7.503.750	0
4.	Dvalar- og ferðakostnaður fulltrúa utan höfuðborgarsvæðis	9.711.600	1.300.000
5.	Aðkeypt sérfræðiaðstoð við þingið	12.480.000	0
6.	Ýmis kostnaður nefnda þingsins	3.000.000	0
7.	Vinnustöðvar fulltrúa og starfsfólks, uppsetning og búnaður.	23.165.000	15.000.000
8.	Ýmis tæknibúnaður, innréttingar og uppsetning	46.880.000	12.000.000
9.	Húsnæðiskostnaður þingstaðar	16.800.000	18.000.000
10.	Mötuneyti	1.995.000	0
11.	Rekstur skrifstofu og undirbúningur fram að þingi	20.525.000	18.500.000
12.	Stjórnlaganefnd + starfsmaður	19.164.000	28.000.000
13.	Aðkeypt sérfræðipjónusta stjórnlaganefndar vegna skýrsluvinnslu	12.000.000	12.000.000
14.	Annað ófyrirséð 10%	23.626.185	6.000.000
15.	Raunkostnaður Þjóðfundar 2010		64.000.000
16.	Raunkostnaður vegna kosninganna 27.11. 2011		293.000.000
17.	Heildarkostnaður í tengslum við Stjórnlagagæðing ef hætt væri við allt í mars 2011	271.888.035	474.800.000

ATHUGASEMDIR - FORSENDUR ÁÆTLUNAR EF HÆTT YRÐI VIÐ

1.	Þóknun þingfulltrúa. Ef hætt er við þinghald/ráð í mars 2011 eru engar þóknanir til þingfulltrúa/ráðfulltrúa, en þó má reikna með að einhverjir fyrrum kjómir fulltrúar geri kröfu um kostnað sem þeir hafa þá orðið fyrir vegna sannanlegra ráðstafana sem þeir höfðu gert.
2.	Laun starfsfólks. Hér er um að ræða laun þeirra 5 starfsmanna sem hafa verið að störfum við undirbúning þinghalds út mars mánuð.
3.	Ýmis rekstrarkostnaður (launatengdur). Hér er ekki færður neinn kosnaður.
4.	Dvalar- og ferðakostnaður fulltrúa utan höfuðborgarsvæðisins. Þeir voru þrír og hafa þegar komið á nokkra fundi til Reykjavíkur að tilmælum Undirbúningsnefndar eða stjórnvalda, og einnig var búið að leigja 2 íbúðir sem nú standa auðar.
5.	Aðkeypt sérfræðiaðstoð við þingið. Ef hætt er við verður enginn kosnaður hér.
6.	Ýmis kostnaður nefnda þingsins. Ef hætt er við verður enginn kosnaður hér.
7.	Vinnustöðvar fulltrúa og starfsfólks, uppsetning og búnaður. Þegar er búið að leggja út í töluverðan kostnað þessum lið samfara þó ýmislegt sé ógert og var stöðvað. Búið er að smíða skrifstofubása, kaupa nokkum búnað, og leigja annan og miðar upphæðin við að vart verði komist hjá flestum þeim samningum. Þá mun einhver kostnaður verða við niðurtækt og frágang.
8.	Ýmis tæknibúnaður, innréttingar og uppsetning. Ýmist er búið að kaupa nokkuð af búnaði og jafnframt gera samninga um leigu sem ekki má reikna með að komist verði hjá að efna og annað sem ekki er frágengið á þessum tímamarki. Þá hefur tæknipörfin minnkað frá þessum tíma (sjá ætlun um 3ja mánaða ætlun Stjórnlagaráðs).
9.	Húsnæðiskostnaður þingstaðar. Leigusamningur er um húsnæðið Ofanleiti 2 til loka júní mánaðar og verður að efna þann samning að fullu.
10.	Mötuneyti. Ekki neinn kostnaður settur hér þar sem fyrst og fremst var þetta hugsað meðan á þinghaldi stóð.
11.	Rekstur skrifstofu og undirbúningur fram að þingi. Hér er tilfallinn kostnaður og annar sem standa þarf við ef hætt verður við.
12.	Stjórnlaganefnd + starfsmaður hennar. Kostnaður við nefndina hefur hækkað töluvert frá upphaflegri ætlun og var búið að hækka þennan lið í nýrri ætlun.
13.	Aðkeypt sérfræðipjónusta stjórnlaganefndar vegna skýrsluvinnslu. Nefndin sótti um sérstaka fjárveitingu til þessa og er gert ráð fyrir að fjárveitingin verði nýtt að fullu.
14.	Ófyrirséð og ýmis kostnaður. Hér eru liðir sem á þessari stundu er erfitt að sjá fyrir að fullu m.a. kostnaður við útgáfu skýrslna vegna Þjóðfundar og stjórnlaganefndar og annað sem ekki er ljóst ef hætt verður við þinghald/ráð.
15.	Raunkostnaður Þjóðfundar 2010. Áætlaður kostnaður við Þjóðfundinn hafði verið um 92 millj. kr. En raun kostnaður var tæpar 64 milljón kr.
16.	Raunkostnaður vegna kosninganna 27.11. 2011 og er þessi tala fengin frá Fjármálaráðuneytinu.
17.	Heildarkostnaður í tengslum við undirbúning og framkvæmd Stjórnlagagæðings ef hætt væri við allt í mars 2011 er því áætlaður (rauntölur og áætlun vegna opinna samninga oþh) um 475 milljónir króna.